STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Reglur um upptökur sveitarstjórnarfunda í Strandabyggð

1. Markmið

Markmið reglna þessara er að stuðla að auknu gagnsæi í stjórnsýslu sveitarfélagsins, bæta aðgengi íbúa að upplýsingum um störf sveitarstjórnar og tryggja samræmda framkvæmd við upptöku og birtingu sveitarstjórnarfunda.

2. Gildissvið

Reglur þessar taka til upptöku og birtingar sveitarstjórnarfunda sveitarfélagsins.

Reglurnar taka ekki til lokaðra funda eða þeirra dagskrárliða sem sveitarstjórn ákveður að fjalla um fyrir luktum dyrum samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eða öðrum lögum.

3. Upptaka funda

Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði teknir upp á hljóðupptöku. Einnig er heimilit að taka fundi upp á myndbandsupptöku.

Oddviti skal tilkynna sveitarstjórnarmönnum þegar hljóðritun hefst, þegar hlé er gert á hljóðritun og hvenær hljóðritun lýkur.

Gera skal hlé á upptöku á meðan fundarhléi stendur.

4. Birting funda

Upptökur sveitarstjórnarfunda skulu birtar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Birta skal upptökur eins fljótt og kostur er að fundi loknum.

Jafnframt skal fundargerð sveitarstjórnar birt samkvæmt Samþykkt um stjórn og fundarsköp í Strandabyggð.

5. Persónuvernd

Við upptökur og birtingu skal gæta að ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Komi fram upplýsingar á fundi sem ekki er heimilt að birta samkvæmt lögum, skal viðkomandi hluti upptöku fjarlægður eða afmáður áður en upptakan er birt.

Þegar sveitarstjórn ákveður að fundur eða einstakur dagskrárliður skuli vera lokaður skal stöðva upptöku áður en umræða hefst.

Leiki vafi á því hvort upptakan hafi verið stöðvuð skal oddviti sjá til þess að upptakan sé könnuð og lagfærð áður en hún er gerð opinber.

6. Takmörkun dreifingar

Við birtingu upptaka skal koma fram að efnið sé birt í upplýsingaskyni og að óheimilt sé að vinna með eða birta hluta upptöku með þeim hætti að það brjóti gegn lögum eða réttindum einstaklinga.

7. Varðveisla upptaka

Upptökur sveitarstjórnarfunda teljast hluti af skjala- og upplýsingavörslu sveitarfélagsins.

Upptökur skulu varðveittar samkvæmt skjalavistunaráætlun sveitarfélagsins og reglum þjóðskjalasafns um varðveislu rafrænna gagna.

8. Ábyrgð

Sveitarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd reglna þessara, nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjóri getur falið starfsmönnum sveitarfélagsins framkvæmd upptöku, vistunar og birtingar.

9. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi við samþykkt sveitarstjórnar.

Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar 13.10.2026.